



Reykjavík, 15. apríl 2024

MSS24040099

Borgarráð

Tillaga nefndar um tilnefningar og kosningar til stjórnar fyrirtækja í eigu Reykjavíkurborgar - Harpa ohf.

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagða tillögu nefndar um tilnefningar og kosningar til stjórnar fyrirtækja í eigu Reykjavíkurborgar að skipan fulltrúa Reykjavíkurborgar í stjórn Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. Þá er lagt til við borgarráð að styðja Ingibjörgu Ósk Stefánsdóttur sem formann stjórnar Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Tillaga nefndar um tilnefningar og kosningar til stjórnar fyrirtækja í eigu Reykjavíkurborgar að skipan fulltrúa Reykjavíkurborgar í stjórn Hörpu ohf.



Reykjavík

Tillaga tilnefningarnefndar borgarráðs Reykjavíkur – Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf.

1. Skipun tilnefningarnefndar

Á fundi borgarráðs þann 18. júlí 2022 var tillaga formanns borgarráðs, dags. 16. ágúst 2022, samþykkt ásamt fylgiskjölum, þar sem lagt var til að borgarráð samþykki erindisbréf um nefnd til tilnefningar og kosningar til stjórnar fyrirtækja í eigu Reykjavíkurborgar. Tilnefningarnefnd skipa:

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður
Einar Þorsteinsson
Hildur Björnsdóttir
Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir
Borgarstjóri situr einnig í nefndinni og fer með eigendafyrirsvar Reykjavíkur

Þorsteinn Gunnarsson borgarritari situr fundi nefndarinnar ritar fundargerðir.

Samkvæmt Almennri eigandastefnu Reykjavíkurborgar (eigandastefnan) hefur tilnefningarnefnd það hlutverk að rýna og gera tillögu til borgarráðs um tilnefningar og kosningar til stjórnar fyrirtækja sem falla undir eigandastefnuna, sem og annarra ráða og nefnda þeirra sem eigendur tilnefna og/eða kjósa til slíkra starfa (trúnaðarstöður fyrirtækjanna).

Fyrir liggur að tilnefna og kjósa í stjórn Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. Hér á eftir er tillaga tilnefningarnefndar um skipan fulltrúa Reykjavíkurborgar í stjórnina. Reykjavíkurborg á 46% hlut á móti ríkinu.

2. Tilnefningar í stjórnir

Samkvæmt eigandastefnunni skal í vinnu tilnefningarnefndar litið til þess að stjórn, nefnd eða ráð sé hverju sinni saman sett af einstaklingum í sem jöfnustum kynjahlutföllum, sem hafa breiða þekkingu og bakgrunn, s.s. m.t.t. aldurs og reynslu, sem nýtist viðkomandi fyrirtæki og eftir atvikum hagaðilum þess hverju sinni, m.t.t. hlutverks og verkefna fyrirtækisins, rekstrar þess og framtíðarsýnar.

Við kosningu í stjórnir einkaréttarlegra fyrirtækja skal almennt miðað við að meirihluti stjórnarmanna sé óháður fyrirtækinu og stjórnendum þess. Í 5 manna stjórn skal ennfremur miðað við að a.m.k. tveir af framangreindum stjórnarmönnum séu jafnramt óháðir Reykjavíkurborg og að í 7 manna stjórn séu 3 af framangreindum stjórnarmönnum jafnramt óháðir Reykjavíkurborg.

Þar sem Reykjavíkurborg er ekki einn eigandi og skipar hluta stjórnar, nefndar eða ráðs þá skal litið til þess að tilnefningarnefnd horfi til fyrrnefndra sjónarmiða um jöfn kynjahlutföll, breiða þekkingu og bakgrunn.

3. Sjónarmið og gögn sem tilnefningarnefnd leggur til grundvallar tillögu sinni

Tilnefningarnefnd hefur sett sér starfsreglur þar sem helstu verkefni nefndarinnar vegna einkaréttarlegra fyrirtækja eru tilgreind:

- 1) Kortlagning á skipan stjórnar fyrirtækjanna
- 2) Mat á óhæði sitjandi stjórnarmanna
- 3) Þarfagreining á þekkingu og reynslu í einstökum stjórnnum, m.t.t.
 - a) hlutverks og verkefna fyrirtækisins,
 - b) rekstrar þess og framtíðarsýnar

- c) sem nýtist fyrirtækinu og hagaðilum þess
- 4) Kortlagning á þekkingu og reynslu stjórnarmanna
- 5) Auglýsing eftir framboðum til setu í stjórnnum fyrirtækjanna, s.s. á heimasíðu Reykjavíkurborgar
- 6) Mat á hæfi og hæfni fram kominna tillagna um stjórnarmenn, s.s. út frá ferilskrám og viðtölum við frambjóðendur
- 7) Mat á óhæði einstakra frambjóðenda
- 8) Rökstudd tillögugerð til borgarráðs um tilnefningu / kosningu til stjórna fyrirtækjanna

Tilnefningarnefnd notast við svokallaðar stjórnarmatrixur við kortlagningu á nauðsynlegri þekkingu og reynslu stjórna félaga, annars vegar almenna matrixu sem á við um stjórnir allra þeirra einkaréttarlegu fyrirtækja sem tilnefningarnefnd fjallar um og hins vegar sértæka matrixu fyrir hvert og eitt fyrirtækjanna og út frá þarfagreiningu hvernar og einnar stjórnar.

Almenn matrixa stjórna einkaréttarlegra fyrirtækja inniheldur eftirfarandi þekkingu og reynslu:

- 1) Stjórnun og stjórnarhættir
- 2) Stefnumótun og framtíðarsýn
- 3) Fjármál - áætlanagerð, reikningsskil og endurskoðun
- 4) Sjálfbærni rekstrar og áhættustýring
- 5) Mannauðsmál
- 6) Innra eftirlit
- 7) Samfélagsábyrgð / umhverfismál / loftlagsmál
- 8) Lögfræði
- 9) Markaðsmál / almannatengsl
- 10) Upplýsingatækni
- 11) Aldur stjórnarmanns
- 12) Fjöldi ára í stjórn

Tilnefningarnefnd vinnur jafnframt sértækar matrixur fyrir einstök fyrirtæki og er matrixan eftirfarandi fyrir Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhús ohf:

- 1) Menning- / menningararviðburðir
- 2) Ráðstefnuhald
- 3) Ferðaþjónusta
- 4) Alþjóðleg markaðsmál
- 5) Borgarmálefni - mannlíf
- 6) Fjármagnsskipan félagsins
- 7) Opinber fjármál
- 8) Stjórnarhættir á samstæðugrundni
- 9) Samkeppnisréttur
- 10) Hagaðilar félagsins

Samkvæmt erindisbréfi skal tilnefningarnefnd viðhafa faglegt mat við gerð að tillögu og miða að því að ná fram bestu samsetningu í viðkomandi trúnaðarstöður m.t.t. hagsmuna fyrirtækisins, eigenda þess og annarra hagsmunaaðila.

2. Tillaga tilnefningarnefndar

Fyrir liggur að tilnefna og kjósa í stjórn Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. þar sem Reykjavíkurborg á 46% hlut á móti 56% hlut ríkisins. Samkvæmt 15. gr. samþykktá Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. skal stjórn félagsins skipuð fimm mönnum til eins árs í senn. Formaður stjórnar skal vera kjörinn sérstaklega, stjórnin kys sér varamann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Hefð er fyrir því að Reykjavíkurborg tilnefni tvo stjórnarmenn í Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. og sameiginlega tilnefni hluthafarnir fimmta stjórnarmanninn og er hann jafnframt formaður stjórnar. Þá eru kosnir að lágmarki tveim einstaklingar til vara og annar þeirra er fulltrúi Reykjavíkurborgar.

Tillaga tilnefningarnefndar um kosningu fulltrúa Reykjavíkurborgar í stjórn Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. er eftirfarandi:

| | |
|------------------|---|
| Aðalmenn | Árni Geir Pálsson – óháður <i>M.Sc. í alþjóðaviðskiptum</i> <i>Ráðgjafi Blóðberg, Icelandic Group forstjóri, Median framkvæmdastjóri, Latibær framkvæmdastjóri. Í ýmsum stjórnnum frá 2000 m.a. í stjórn Hörpu ohf.</i> |
| | Hrönn Greipisdóttir – óháð <i>Viðskiptafræðingur frá HÍ, MBA í viðskiptafræði frá City University í London. Er með fjölbreytta starfsreynslu úr atvinnulífinu m.a. hjá Úrval-Útsýn, framkvæmdastjóri Hótel Sögu, framkvæmdastjóri hjá SPRON Factoring, forstöðumaður á viðskiptasviði Arion Banka, hjá Arev verðbréfum, fjárfestingafélaginu Eldey og framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Hefur setið í stjórnnum fjölmargra fyrirtækja allt frá litlum sprotafyrirtækjum til eftirlitsskyldra fjármálafyrirtækja. Einnig í stjórnnum opinberra stofnana og hagsmunasamtaka s.s. Ferðamálaráðs og Samtaka ferðaþjónustunnar.</i> |
| Varamaður | Arnfríður Sólrún Valdimarsdóttir – Háð <i>BA í uppeldis og félagsfæði og list og verkgreinum. Ýmis námskeið hjá Stjórnarráðsskólanum m.a. opinber stjórnarsýsla. Tók við 1. mars sl. sem skrifstofustjóri menningarborgar Reykjavíkur. 2022 – 2024 sérfræðingur í menningar og viðskiptaráðuneyti, 2013 –2022 sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2008 - 2013 verkefnastjóri barnamenningar hjá Reykjavíkurborg. 2016 – 2024 fulltrúi Íslands í norrænu embættismannanefndinni um menningarmál.</i> |

Þá er lagt til við borgarráð að styðja Ingibjörgu Ösp Stefánsdóttur sem formann stjórnar Hörpu ohf. Hún hefur verið stjórnarformaður Hörpu ohf. undanfarin ár. Hún hefur M.Sc. í stefnumótun og stjórnun, er forstöðumaður samkeppnissviðs SA en áður sviðsstjóri reksturs/mennta- og mannauðsmála. Hefur einnig verið framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar, framkvæmdastjóri Hofs á Akureyri o.fl.

4. Umboð eigandafyrirsvars og endurskoðun tilnefningarnefndar

Tilnefningarnefnd leggur til að eigandafyrirsvari Reykjavíkurborgar verði veitt umboð til að koma fram fyrir hönd Reykjavíkurborgar á aðalfundi Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. og kjósa framangreinda einstaklinga í stjórn fyrirtækisins.